

22. ágúst 2017

Fréttatilkynning vegna afkomu Fjarskipta hf. á öðrum ársfjórðungi 2017:

Rekstrarkostnaður lækkar um 8% á fyrstu 6 mánuðum ársins

Árshlutareikningur Fjarskipta hf. fyrir annan ársfjórðung 2017 var samþykktur af stjórn og forstjóra félagsins á stjórnarfundi þann 22. ágúst 2017.

- Tekjulækkun um 2% samanborið við annan ársfjórðung 2016
- Framlegð 1.521 m.kr. en var 1.605 m.kr. á sama tímabili 2016
- Kostnaðarverð stóð í stað frá 2F 2016
- Rekstrarkostnaður lækkaði um 4% frá 2F 2016
- EBITDA hagnaður nam 761 m.kr., hækkun um 1% milli ára
- EBITDA hlutfall 22,5% og EBIT hlutfall 11,1% á fjórðungnum
- Hagnaður tímabilsins nam 239 m.kr.
- Eiginfjárlutfall nam 48,3%
- Handbært fé frá rekstri nam 513 m.kr.

Lykiltöluyfirlit:

	2F 2017	2F 2016	Breyt.	% breyt.	6M 2017	6M 2016	Breyt.	% breyt.
Seldar vörur og þjónusta	3.386	3.467	-81	-2%	6.527	6.762	-235	-3%
Kostnaðarverð	1.865	1.862	3	0%	3.572	3.616	-44	-1%
Framlegð	1.521	1.605	-84	-5%	2.955	3.146	-191	-6%
Rekstrarkostnaður	1.145	1.201	-56	-4%	2.237	2.418	-181	-8%
EBITDA	761	751	10	1%	1.480	1.420	59	4%
EBIT	376	404	-28	-7%	718	728	-10	-1%
Hrein fjármagnsgjöld	78	95	-17	-18%	169	172	-3	-1%
Hagnaður tímabilsins	239	248	-9	-3%	440	446	-6	-1%
<i>Framlegð (%)</i>	<i>44,9%</i>	<i>46,3%</i>			<i>45,3%</i>	<i>46,5%</i>		
<i>EBITDA %</i>	<i>22,5%</i>	<i>21,7%</i>			<i>22,7%</i>	<i>21,0%</i>		
<i>EBIT %</i>	<i>11,1%</i>	<i>11,7%</i>			<i>11,0%</i>	<i>10,8%</i>		


Stefán Sigurðsson, forstjóri:

„Rekstur annars fjórðungs gekk ágætlega og hækkaði EBITDA um 1% frá síðasta ári. Mjög góður gangur var í rekstrinum í apríl og maí en lækkun reikitekna í júní í tengslum við innleiðingu á Roam like Home innan EES hafði neikvæð áhrif. Ekki bætti úr skák í samanburði að júní á síðasta ári var besti reikimánuður ársins þar sem margir Íslendingar fóru til Frakklands að styðja íslenska landsliðið. Innleiðing Roam like Home dró þannig úr aukningu rekstrarhagnaðar á fjórðungnum en vöxtur í tekjum af sjónvarpsstarfsemi félagsins og mikill árangur í lækkun rekstrarkostnaðar skilaði engu að síður ágætu uppgjöri. Rekstrarkostnaður fyrstu 6 mánuði ársins lækkar um 8% frá sama tímabili í fyrra sem sýnir að hagræðingaraðgerðir sem félagið fór í fyrir um ári eru að skila sér. Tekjur félagsins af interneti hækkuðu í uppgjörinu einkum vegna þess að félagið tók yfir rúkkun aðgangsgjalda Gagnaveitu Reykjavíkur gagnvart viðskiptavinum en sú breyting hefur sambærileg áhrif á kostnaðarverð seldra vara.

Félagið hefur nú fengið reynslu af reiki í júlí, eftir innleiðingu Roam like Home, það er bæði af notkun Íslendinga erlendis og notkun erlendra aðila á Íslandi. Reynslan er í stuttu máli sú að viðskiptavinir Vodafone sem ferðast í Evrópu innan landa EES hafa aukið gagnamagnsnotkun sína mun meira en þeir viðskiptavinir íslenskra fjarskiptafélaga sem ferðast til Íslands. Viðskiptavinir Vodafone juku meðal gagnamagnsnotkun um 351% sem er næstum tvöfalt meira en aukning meðal gagnamagnsnotkunar viðskiptavina evrópskra fjarskiptafyrirtækja á kerfum Vodafone á Íslandi sem var 160%. Þessi notkun Íslendinga er mun meiri en forsendur gerðu ráð fyrir og eykur nokkuð kostnað félagsins af þessari breytingu. Áhrif afnáms reikis í Evrópu mun hafa þau áhrif á fyrirtækið að árstíðasveifla í rekstrinum mun minnka þar sem ekki koma sérstakar tekjur af ferðalögum viðskiptavina í Evrópu. Þriðji fjórðungur sem hefur verið stærsti fjórðungur félagsins verður með minni árstíðarsveiflu og þannig svipaðari öðrum fjórðungum. Félagið hefur nú þegar gripið til ýmissa aðgerða á kostnaðar- og tekjuhlíðinni sem munu draga úr áhrifum á rekstur félagsins enda stendur félagið við horfur sínar um að skila EBITDA fyrir árið í kringum 3.250 m.kr.

Á fjórðungnum hélt ferli við að kaupa eignir 365 áfram með samskiptum við Samkeppniseftirlitið þar sem félagið skilaði bæði samrunaáætlun, fékk viðbrögð eftirlitsaðila og markaðarins við henni og gerði tillögu að skilyrðum. Búast má við endanlegu svari í byrjun september eða október og ganga kaupin þá í gegn mánuði síðar verði þau heimiluð. Þrátt fyrir ítarleg og öflug skilyrði til að gæta samkeppni getur félagið staðið við fyrri yfirlýsingar um hækkingu EBITDA félagsins við kaupin upp á 1.750 m.kr. sem færðu að fullu að hafa áhrif innan 18 mánaða frá sameiningu.”

Mynd 1: EBITDA hagnaður eftir fjórðungum frá árinu 2013 :



Rekstrarafkoma á 2. ársfjórðungi 2017:

Tekjur samstæðunnar á öðrum ársfjórðungi 2017 námu 3.386 m.kr. og lækkuðu um 81 m.kr. eða 2% frá sama tímabili 2016. Tekjur af interneti námu 977 m.kr. á fjórðungnum og jukust um 8% á milli ára einkum í tengslum við yfirtöku félagsins á rúkkun aðgangsgjalda GR fyrir sína viðskiptavinum. Tekjur af sjónvarpi jukust einnig á öðrum ársfjórðungi, um 58 m.kr. og námu 536 m.kr. á tímabilinu, sem er 12% aukning á milli ára. Aðrar tekjur námu 207 m.kr. á ársfjórðungnum og jukust um 2% milli ára. Tekjur samstæðunnar af farsíma námu 1.044 m.kr. og lækkuðu um 11% í samanburði við sama tímabil í fyrra og hafði innleiðing Roam like Home í júní þar talsverð áhrif, en innleiðing reglugerðarinnar var nokkru fyrr en búist hafði verið við. Vörusala á öðrum ársfjórðungi nam 329 m.kr. sem er 52 m.kr. lægra en á sama tímabili 2016.

Framlegð á öðrum ársfjórðungi nam 1.521 m.kr., sem er lækkun um 84 m.kr. miðað við sama ársfjórðung 2016. Rekstrarkostnaður nam 1.145 m.kr. á ársfjórðungnum og minnkaði um 56 m.kr. eða 4% á milli ára.

EBITDA hagnaður tímabilsins nam 761 m.kr. sem er hækkun um 10 m.kr. frá sama fjórðungi 2016. EBITDA hlutfall tímabilsins var 22,5%.


Hrein fjármagnsgjöld lækkuðu á öðrum ársfjórðungi og námu 78 m.kr., sem er lækkun um 18% á milli ára. Hagnaður fyrir tekjuskatt nam 298 m.kr. á öðrum ársfjórðungi 2017 sem er 11 m.kr. lækkun frá sama tímabili 2016. Reiknaður tekjuskattur á ársfjórðungnum var 59 m.kr. Hagnaður fjórðungsins nam 239 m.kr.

Sjóðstreymi 2. ársfjórðungs 2017:

Handbært fé frá rekstri á öðrum fjórðungi ársins 2017 nam 513 m.kr. Fjárfestingarhreyfingar námu 536 m.kr. á tímabilinu sem er hækkun um 84% miðað við sama tímabil 2016 meðal annars vegna flutninga félagsins í nýjar höfuðstöðvar.

Fjármögnunarhreyfingar félagsins námu 75 m.kr. á öðrum ársfjórðungi 2017, afborganir af langtímalánum námu 115 m.kr. og ádráttur á skammtímalánalínu 190 m.kr. Handbært fé í lok annars ársfjórðungs nam 326 m.kr.

Sjóðstreymi á 2F – Breytingar á tímabilinu



Efnahagur 30. júní 2017:

Efnahagur Fjarskipta hf. var áfram sterkur í lok annars fjórðungs ársins 2017. Eigið fé í lok tímabilsins var 7.395 m.kr. Eiginfjárlutfall var 48,3%. Heildarskuldir samstæðunnar voru 7.915 m.kr. Hreinar vaxtaberandi skuldir námu 5.505 m.kr. og var hlutfall þeirra á móti EBITDA hagnaði sl. 12 mánaða 1,8. Veltufjárlutfall var jafnframt 1,5.

Helstu tíðindi og mikilvægir áfangar á tímabilinu:

- Vodafone hélt áfram í vor og sumar uppbyggingu á 4G kerfi sínu og nær kerfið nú yfir 157 þúsund ferkílómetra á landi og sjó sem er mesta útbreiðsla 4G farsímakerfis á Íslandi en kerfið nær til tæplega 97% landsmanna eftir búsetu. Vodafone nær meiri útbreiðslu á sínu 4G kerfi með langdrægum 800 MHz sendum, en fyrirtækið er hið eina á Íslandi sem beitir slíkum langdrægum 4G sendingum til að ná yfirburðum í landfræðilegri dreifingu. Samhliða hefur hraði og þéttni kerfisins verið aukinn mikið það sem af er ári.
- Vodafone er einn aðalstyrktaraðili Dags rauða nefnsins sem er langstærsti viðburður UNICEF, Barnahjálpar Sameinuðu þjóðanna á Íslandi. Dagur rauða nefnsins var haldinn hátíðlegur í byrjun júní og náði hápunkti í beinni útsendingu á RÚV þar sem grínistar, leikarar, fjölmiðlafólk og tónlistarmenn skoruðu á áhorfendur að hjálpa börnum í neyð með því að gerast heimsforeldrar UNICEF.
- Íslenska hugbúnaðarfyrirtækið Watchbox varð hlutskarpast í viðskiptaþróunarkeppninni Stökkpallinum í lok maí. Úrslitin voru tilkynnt á alþjóðlegri nýsköpunarráðstefnu Startup Iceland í Hörpu en Vodafone og Startup Iceland héldu keppnina saman í annað sinn. Í verðlaun fékk Watchbox eina milljón króna og fjarskiptastuðning frá Vodafone í 12 mánuði. Watchbox er smáforrit sem nýtist fyrirtækjum þar sem hvert þeirra fær lokaðan séraðgang þar sem starfsmenn geta deilt myndum og stuttum myndböndum úr leik eða starfi á heimasvæði viðkomandi fyrirtækis.



- Föstudagurinn 23. júní var stór dagur í sögu Vodafone því þá opnuðu nýjar höfuðstöðvar fyrirtækisins við Suðurlandsbraut 8 ásamt nýrri og glæsilegri verslun á 1. hæð hússins. Hönnun og fyrirkomulag nýju verslunarinnar er unnið í nánu samstarfi við Vodafone Group og sett upp í samræmi við útlit sem fjarskiptafélagið hefur unnið fyrir verslanir sínar á heimsvísu. Verslunin að Suðurlandsbraut er ein sú stærsta sinnar tegundar í heiminum.
- Í júní lauk Vodafone niðurtöku sjónvarpsdreifikerfis um örbylgjuloftnet í samræmi við tilmæli PFS. Niðurtakan var framkvæmd í áföngum frá áramótum og auglýsti Vodafone niðurtökuna bæði í landsfjölmiðlum og svæðismiðlum og sérstakur tilkynningarborði birtist á sjónvarpsskjá þeirra sem voru með Digital Ísland myndlykla. Auk þess sem sérstök fréttatilkynning var send á fjölmiðla opnaði Vodafone upplýsingasíðu fyrir viðskiptavinum á slóðinni vodafone.is/orbylgja.
- Vodafone á Íslandi vann á tímabilinu náið að undirbúningi innleiðingar „Roam like Home“ í samstarfi við Vodafone Group sem starfar um alla Evrópu en samstarfið tryggir að viðskiptavinir Vodafone á Íslandi fá sambærilega útfærslu á „Roam like Home“ á ferðalögum sínum og gerist á öðrum Evrópumörkuðum.

Horfur fyrir afkomu á árinu 2017

Áður uppgæfnar horfur fyrir rekstrarárið 2017 eru óbreyttar:

- EBITDA hagnaður ársins 2017 verði í kringum 3.250 m.kr.
- Fjárfestingarhlutfall verði í kringum 11%.

Kynningarfundur 23. ágúst 2017:

Opinn kynningarfundur vegna uppgjorsins verður haldinn miðvikudaginn 23. ágúst 2017. Athygli er vakin á breyttum fundarstað en fundurinn fer fram á Hótel Hilton Reykjavík Nordica, Suðurlandsbraut 2, 108 Reykjavík. Fundurinn hefst kl. 8:30 en boðið verður upp á morgunhressingu frá kl. 8:00.

Kynningarefni fundarins verður hægt að nálgast að honum loknum á síðu fjárfestatengsla Vodafone á www.vodafone.is/vodafone/fjarfestatengsl og í fréttakerfi Nasdaq Iceland.

Hægt er að fylgjast með fundinum í beinni útsendingu á vefslóðinni <https://vodafone.is/vodafone/fjarfestatengsl/uppgjorskynning/>

Fjárhagsdagatal 2017:

- | | |
|---------------------------------|------------------|
| ✓ Uppgjör 3F 2017: | 31. október 2017 |
| ✓ Uppgjör 4F og ársuppgjör 2017 | 20. febrúar 2018 |



Frekari upplýsingar:

- ✓ Guðfinnur Sigurvinsson, verkefnastjóri samskiptamála hjá Vodafone, tekur á móti fyrirspurnum í gegnum netfangið fjarfestatengsl@vodafone.is eða í síma 669-9330.